

Myndin af Jóni forseta

Þorvaldur Gylfason *

Íslendingar héldu fyrst almennan þjóðminningardag á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar 1911, þegar Háskóli Íslands var settur í fyrsta sinn. Veðrið var gott þennan dag, og sólin skein glatt við hægum blæ af hafi. Hátíðin hófst að morgni á Sal Menntaskólans í Reykjavík. Rektor Menntaskólans, Steingrímur Thorsteinsson skáld, minntist þess, að Salur skólans var þingsalur alla alþingistíð Jóns Sigurðssonar, og var sungið kvæði eftir Steingrím. Kennarar og lærisveinar Menntaskólans færðu skólanum að gjöf olíumálverk Þórarins B. Þorlákssonar af Jóni, og hangir það enn á sínum stað á Sal.

Setning Háskólans hófst á hádegi í Alþingishúsinu. Klemens Jónsson landritari og Björn M. Ólsen, fyrsti rektor Háskólans, fluttu ræður, og var sungið Háskólaljóð Þorsteins Gíslasonar ritstjóra við lag Björns Kristjánssonar skósmiðs, alþingismanns, bankastjóra Landsbankans, söngfræðings og síðar ráðherra. Síðan fór fjölmenn skruðganga frá þinghúsinu að leiði Jóns í Hólavallarkirkjugarðinum við Suðurgötu, og var þar leikið lag Sveinbjörns Sveinbjörnssonar við lofsöng séra Matthíasar Jochumssonar frá 1874, Ó guð vors lands. (Á fullveldisdaginn 1. desember 1918 var lagið leikið sem þjóðsöngur Íslendinga og æ síðan.) *Skírnir*, tímarit Hins íslenska bókmenntafélags, kom út tviefldur á aldarafmælisdaginn, helgaður ævi og starfi Jóns. Á fæðingarstað Jóns á Hrafnseyri við Arnarfjörð var sungið Minningarljóð Hannesar Hafstein við lag Sigfúsar Einarssonar. Í september 1911 var afhjúpaður minnisvarði Jóns forseta fyrir framan stjórnarráðið eftir Einar Jónsson, sem var þá ungur og óþekktur myndhöggvari í Kaupmannahöfn, og var varðinn síðan fluttur á Austurvöll 1931 og hefur staðið þar síðan. Íslendingar í Manitoba létu 1921 gera afsteypu af minnisvarðanum um Jón forseta í fullri stærð, og stendur hann enn í garðinum norðan við þinghúsið í Winnipeg. Frá stofnun lýðveldisins á Þingvöllum 17. júní 1944 hefur þessi dagur verið þjóðhátíðardagur Íslendinga.

I. Minningin lifir, en myndin er hreyfð

Minning Jóns Sigurðssonar lifir góðu lífi með þjóðinni. Mynd hans prýðir nú fimm hundruð króna seðilinn og prýddi áður aðra seðla samfleytt frá 1928 (tíu krónu seðla, hundrað, fimm hundruð og þúsund krónu seðla). Myndin af stjórnálagmyndum hans og hugsjónum er eigi að síður hreyfð í hugum þjóðarinnar. Enn hefur heildarritsafn Jóns Sigurðssonar ekki verið gefið út, heldur eru einungis til fáein úrvöl ritgerða hans og bréfa á víð og dreif, og bækur hans eru nú sjaldgæfar. Hirðuleysið um heildarútgáfu á verkum Jóns, svo mikilvirkur rithöfundur sem hann var og svo mikil áhrif sem rit hans höfðu á sinni tíð, kann að ríma við þá staðreynd, að ríkir hagsmunir voru lengi og eru enn við það bundnir, að skoðunum Jóns á frjálsum millilandsviðskiptum væri ekki flíkað um of. Eftir fráfall Jóns forseta 1879 gusu upp á Alþingi sjónarmið, sem voru andstæð helztu hugmyndum Jóns og mörkuðu fráhrarf frá þeim.

Tvö dæmi duga til að bregða birtu á málið.

Í stjórnskipunarmálinu varðandi frambúðarsamband Íslands við Danmörku kom fram einstrengisleg hugmynd Benedikts Sveinssonar þingforseta og annarra um fyrirkomulag

* Prófessor í hagfræði í Háskóla Íslands. Haraldur Briem sóttvarnalæknir, Helgi Gíslason myndhöggvari, Helgi Skúli Kjartansson prófessor, Jón Þ. Þór sagnfræðingur og Ólafur Ólafsson fyrrum landlæknir gerðu gagnlegar athugasemdir við fyrri gerð textans, en þeir bera þó enga ábyrgð á efni greinarinnar eða þeim skoðunum, sem þar eru settar fram.

aukinnar sjálfstjórnar Íslands, hugmynd, sem danska stjórnin gat að svo stöddu ekki felld sig við og drap málið í dróma í rök tuttugu ár eða allar götur þar til Valtý Guðmundssyni tókst með lagni að leysa hnútinn og leggja grunninn að sjálfstjórn, sem reyndist síðan heimastjórn 1904. Hefði Jóni Sigurðssyni enzt aldur, hefði hann trúlega reynt að forðast að hanga fastur á stjórnskipulegum formsatriðum og hefði reynt stýra sambandinu við Dani fyrr í þann farveg, sem Valtý Guðmundssyni tókst síðar að beina málinu í. Jón var eins og Valtýr gætinn stjórnmalamaður og hygginn, hann aðhylltist hagnýtar lausnir frekar en formfasta hugmyndafræði og forðaðist allan ofsa í skoðunum og málflutningi um menn og málsefni. Til dæmis taldi Jón af hagnýtum ástæðum heppilegra að endurreisa Alþingi 1845 í Reykjavík frekar en á Þingvöllum eins og margir samherjar hans hefðu heldur kosið með bjarmann frá Þjóðveldisöld fyrir augum. Í fjárkláðanum síðari skömmu fyrir 1860, þegar landsmenn deildu harkalega um, hvort rétt væri að baða fé eða skera niður, sagði Jón: „Hvort sem menn nú vilja með sjálfum sér hafa niðurskurð eða ekki niðurskurð, þá held ég að þeim beri þó samt fyrst á það að líta, hvað vér getum fengið framkvæmt og hvað ekki.“ Jón leit svo á í ljósi nýrra rannsókna um dýralækningar, að fjárböðun væri framkvæmanleg, og gerðist í félagi við Jón Hjaltalín landlækni erindreki dönsku stjórnarinnar í málinu. Jón rak sig þá á harða andstöðu þeirra, sem heimtuðu niðurskurð, en það voru einkum Norðlendingar, sem vildu, að fé á Suðurlandi og Vesturlandi yrði skorið niður, áður en kláðinn bærisk norður. Landið logaði árum saman í illdeilum vegna þessa máls, sem leiddi meðal annars til þess, að Jón forseti kom ekki heim til Íslands í sex ár samfleytt að lokinni þessari rimmu, 1859-1865. Jón var í fjárkláðamálinu sakaður um að ganga erinda Dana – hann, sem átti ásamt Valtý Guðmundssyni allra mestan þátt í að búa í haginn fyrir heimastjórn 1904. Hvergi í gögnum málsins er að finna greinargerð um kostnaðarhlið málsins, það er hvort danska stjórnin bauðst til að kosta fjárböðunina aukalega og hvort bændur á Suðurlandi og Vesturlandi hefðu sjálfir þurft að bera kostnaðinn af niðurskurði. Svo virðist sem menn hafi litið svo á, að engu skipti, hvað hlutirnir kostuðu, svo ólíkt sem slíkt hirðuleysi um fjármál var Jóni, þótt þess konar skeytingarleysi hafi æ síðan loðað við landið í ýmsum greinum.

Jón Sigurðsson tók helzt ekki upp önnur mál en þau, sem hann taldi sig geta tefld fram til sigurs. Hann tók aldrei afstöðu gegn vistarbandinu, sem batt vinnumenn við einstaka bændur og jarðir, svo að vinnumönnum var ófrjálst að leita sér að annarri betur launaðri vinnu við sjávarsíðuna, þar sem bæirnir voru að vaxa úr grasi. Vistarbandið batt verkafólk, svo lengi sem það átti ekki eigið heimili, við vistráðningu til heils árs í senn og var ekki numið úr lögum fyrr en eftir 1890, en þó voru ýmsar hömlur áfram lagðar á flutninga vinnufólks úr sveitum að sjó, til dæmis ef það var skuldugt, og á þróun þéttbýlis yfirleitt. Enn eimdi eftir af þessum hömlum um miðja 20. öld. Nærri má geta, hvaða skoðun Jón Sigurðsson hafði á svo augljósu mannréttindamáli, en hann lét það þó aldrei til sín taka, hvorki í skrifum sínum né í ræðum á Alþingi.

Hitt dæmið um dvínandi fordæmi Jóns forseta er yngra. Skömmu eftir 1930 sneru stjórnvöld aftur bakinu við arfleifð Jóns Sigurðssonar. Það gerðist þannig, að 1931 voru viðskiptahöft tekin upp í reglugerð í skjóli lagaheimildar frá 1920 til að hlífa bændum við verðfalli landbúnaðarafurða erlendis af völdum kreppunnar miklu.¹ Því var heitið, að höftunum skyldi aflétt að kreppunni lokinni, en heitið var ekki efnt, og höftin standa að miklu leyti enn. Þessi niðurstaða gekk þvert gegn þeirri grundvallarskoðun Jóns, að millilandaviðskipti ættu að vera sem frjálust til hagsbóta fyrir þjóðarheildina, enda hafði enginn maður átti meiri þátt en einmitt hann í afnámi síðustu leifa einokunarverzlunar Dana 1855. Ritgerð Jóns, „Um verzlun á Íslandi“, í *Nýjum félagsritum* 1843, skipti sköpum. Hún

¹ Sjá Þorvaldur Gylfason, *Síðustu forvöð* (Háskólaútgáfan, 1995, 4. kafli, bls. 41).

sveigði stuðningsmenn Jóns um allt land að fríverzlunarhugsun hans og lagði grunninn að málflytningi hans á endurreistu Alþingi 1845, 1847 og 1849 og síðan á þjóðfundinum 1851. Fyrir fundinum lá frumvarp dönsku stjórnarinnar, sem var ætlað að vernda gróna danska fastakaupmenn fyrir samkeppni af hálfu lausakaupmanna og kaupmanna annarra þjóða. Þjóðfundurinn fól sjö manna nefnd að fjalla um frumvarpið, og var Jón Sigurðsson framsögumaður nefndarinnar. Undir forustu Jóns sneið nefndin ófrelsisákvæðin burt úr frumvarpi stjórnarinnar og lagði fram nýtt frumvarp um frjáls viðskipti án sérstakra verndarákvæða handa fastakaupmönnum. Þetta frumvarp var samþykkt með yfirgnæfandi meiri hluta á þjóðfundinum gegn andstöðu aðeins fjögurra af sex konungkjörnum þingmönnum. Skömmu síðar sleit Trampe greifi þjóðfundinum gegn vilja þingheims, svo sem frægt er, en fundurinn náði þó að skila af sér tímamótafrumvarpi Jóns forseta og félaga um viðskiptafrelsi, og var það grundvöllur nýrra laga um siglingar og verzlun á Íslandi, sem tóku gildi 1. apríl 1855. Þannig lagði þjóðfundurinn grunninn að frjálsum viðskiptum á Íslandi, þótt hann þokaði landinu ekki í átt að auknu þjóðfrelsi nema óbeint í gegn um viðskiptafrelsi.

Af þessum tveim dæmum má ef til vill ráða, hvers vegna myndin af skoðunum Jóns Sigurðssonar er ekki skýrari í vitund þjóðarinnar en raun ber vitni um. Valtýr Guðmundsson hefur ekki fengið að njóta sannmælis vegna þess, að hann varð fyrir hálfgerða tilviljun ekki fyrsti ráðherrann. Af því leiddi, að stjórn málasagan var á heildina litið ekki skrifuð með nægilegri virðingu fyrir hinu merka brautryðjandastarfi Valtýs, heldur hefur hún að mestu verið skrifuð af sjónarhóli fyrsta ráðherrans, Hannesar Hafstein, sem átti þó miklu minni þátt í upphafi heimastjórnar og hafði yfirhöfuð minni áhrif en Valtýr.² Með líku lagi hefur Jón Sigurðsson ekki heldur fengið að njóta sannmælis. Jón fór aldrei með framkvæmdarvald, ekki frekar en Valtýr. Jóni var jafnvel ekki boðið til þúsund ára afmælis Íslandsbyggðar 1874 á Þingvöllum, þar sem Kristján konungur IX. afhenti Íslendingum nýja stjórnarskrá. Skýringin, sem gefin var á fjarveru Jóns, var ýmist sú, að hann væri embættislaus (þingið sat annað hvert ár, ekki 1874, svo að Jón var þá ekki þingforseti), eða þá, að hann hefði skyggt um of á kónginn, hefðu þeir báðir verið á staðnum. Hvort tveggja var einber fyrirsláttur, enda segir Guðjón Friðriksson sagnfræðingur, ævisöguritari Jóns: „Fjarvera Jóns Sigurðssonar á þjóðhátíðinni 1874 er auðvitað fullkomið hneyksli.“³

Jón Sigurðsson var uppreisnarmaður í eðli sínu, kröfuharður andófsmaður. Hann sagði eitt sinn sjálfur, að hann ætti bezt heima „á oppositionsbekknunum“.⁴ Íslenzkum valdhöfum að fenginni heimastjórn fannst þá kannski varlegra að halda uppreisnarmanninum í hæfilegri fjarlægð. Raunin varð sú, að í kennslubókum handa börnum og unglingum og í hátíðarræðum á tyllidögum var Jóni forseta lýst sem fjarlægri þjóðfrelsishetju, án þess að orði væri vikið að helzta baráttumáli hans, verzlunarmálinu, enda eiga frjáls viðskipti á Íslandi enn undir högg að sækja. Mönnum hefur sumum fram á síðustu ár þótt vandræðalegt að rifja upp, að Jón Sigurðsson var ekki aðeins þjóðfrelsishetja, heldur einnig viðskiptafrelsisfrömuður, því að síðari hluti réttar lýsingar á landsföðurnum var áminning um, að landsmenn hefðu ekki hlýtt kalli hans nema til hálf. Einn hópur manna skar sig þó úr, enda áttu þeir sjaldan aðild að landsstjórninni. Stjórnámálamenn, sagnfræðingar og skáld á vinstri væng stjórnmalanna leyfðu Jóni Sigurðssyni að njóta sannmælis. Til dæmis skrifaði Sverrir Kristjánsson sagnfræðingur margar lærðar ritgerðir um Jón forseta og hélt til haga öllum hliðum hans.

² Dr. Valtýr – *Ævisaga* eftir Jón Þ. Þór réttir hlut Valtýs (Hólar 2004; Urður 2010). Sjá einnig Þorvaldur Gylfason, *Tveir heimar* (Háskólaútgáfan, 2005, bls. 646-657).

³ Guðjón Friðriksson, *Jón Sigurðsson Ævisaga II* (Mál og menning, 2003, bls. 512).

⁴ Vilhjálmur Þ. Gíslason, *Jón Sigurðsson forseti í ræðu og riti. Á aldarafmæli þingmennsku hans* (Bókaútgáfan Norðri, Akureyri, 1944, bls. 13).

Sverrir segir um framlag Jóns í *Þjóðviljanum* 1. apríl 1955:

„Afnám hinnar dönsku viðskiptaainokunar var svo djúptæk söguleg nauðsyn íslensku þjóðlífi, að án þess hefði engin efnahagsleg né pólitísk framför orðið á Íslandi. Þá var frjáls verslun á Íslandi blátt áfram frelsi Íslands. ... Frjáls verslun á Íslandi árið 1955 er frjálst okur. Hún er frelsi hinna fáu til að okra á fjöldanum. ... Alþýða Íslands hefur í dag öðrum störfum að sinna en klappa frjálsri verslun lof í lófa.“⁵

Eiríkur Briem, fyrsti ævisöguritari Jóns, lýsir skoðunum Jóns á verzlunarmálunum svo:

“Jón sýndi glöggt fram á það af sögu landsins, að verzlunin hafi jafnan verið hið mesta nauðsynjamál þess, og að svo hafi mátt heita, að komið hafi verið við lífæð allrar velmegunar í landinu, í hvert skipti sem nokkur bönd hafi verið lögð á hana; jafnframt skýrði hann frá skoðunum hinna yngri hagfræðinga um eðli frjálsrar verzlunar ... og hélt því fram, að nauðsyn bæri til að losa öll bönd af verzluninni, svo að hún yrði landsmönnum sem arðmest; fylgdi hann máli þessu af miklu kappi, en það mætti, sem vænta mátti, mikilli mótspyrnu ...”⁶

Eitt dæmi enn má nefna um dvínandi áhrif Jóns forseta eftir fráfall hans. Jón gætti þess ævinlega að koma vel og virðulega fram við andstæðinga sína jafnt og samherja. Hann var málefnalegur og rökfastur fram í fingurgóma. Hann hældi samherjum sínum og þagði í versta falli um andstæðingana. Hann skrifaði nær aldrei skammargreinar og þá aðeins í sjálfsvörn, væri að honum ráðizt svo sem stundum gerðist. „Var það þá eigi fyrir ístöðulitla menn að mæla í móti honum”, segir Eiríkur Briem.⁷ Jón brýndi samherja sína til dáða með þrotlausum bréfasendingum frá Kaupmannahöfn heim til Íslands auk allra ritgerðanna í *Nýjum félagsritum* og annarra ritverka. Andstæðinga eignaðist hann ekki marga, slíkir voru yfirburðir hans á vettvangi stjórnmálanna, en þó nokkra, sem stóðu uppi í hárinu á honum. Einn þeirra var Grímur Thomsen skáld, sem var lengi embættismaður í dönsku utanríkisþjónustunni og konungkjörinn þingmaður um skeið. Grímur starfaði með Jóni að útgáfu *Nýrra félagsrita* framan af, hann var níu árum yngri en Jón, en snerist síðan allur á band með Dönnum gegn Jóni og samherjum hans og flæktist fyrir Jóni á ýmsa lund, jafnvel út yfir gröf og dauða. Maður nokkur gaf sig á tal við Grím við útför Jóns og Ingibjargar og sagðist ekki hafa átt von á að sjá Grím þar. „Ég vildi sjá hann grafinn“, svaraði Grímur að bragði. Grímur Thomsen mun hafa verið eini maðurinn, sem ekki var svartklæddur við útförina, og varð séra Matthíasi Jochumssyni þá að orði: „Grímur fylgdi á gráum kufli gamla Jóni, hreysiköttur konungsljóni.“ Grímur stóð í vegi fyrir því, að Íslendingar reistu stytta af Jóni Sigurðssyni strax að honum látnum, þegar Brynjólfur Bergslíen, einn helzti myndhöggvari Noregs, stóð Íslendingum til boða. Líkneskið reis löngu síðar, og þá var Einar Jónsson fenginn til að vinna verkið, eins og áður sagði.

Annar andstæðingur Jóns var séra Arnljótur Ólafsson, sem sat allengi á Alþingi ásamt Jóni, og lagðist gegn röksemdum Jóns í stjórnskipunardeilunni við Dani á þá leið, að Íslendingar ættu inni hjá Dönnum mikið fé, þar eð Danir hefðu á fyrri tíð selt íslenskar þjóðjarðir og kirkjujarðir og auk þess haft mikinn arð af einokunarverzluninni. Jóni reiknaðist til, að þessi krafa næmi um 120 þúsund ríkisdöllum, en frá drægjust 47 þúsund ríkisdalir vegna árlegs tillags Dana til Íslendinga. Til samanburðar voru árslaun Jóns vegna útgáfustarfa um þúsund ríkisdalir, þegar vel gekk. Þessi reikningskrafa Jóns á hendur Dönnum var liður í sanngjörnu uppgjöri landanna frá hans bæjardrym séð, þegar Íslendingar tækju við stjórn eigin mála. Danir tóku kröfu Jóns ekki í mál, og séra Arnljótur var í hópi þeirra Íslendinga, sem litu málið

⁵ Sverrir Kristjánsson, *Ritsafn I-IV* (Mál og menning, 1981, II, bls. 14-15).

⁶ Eiríkur Briem, „Jón Sigurðsson“, *Merkir Íslendingar I* (Bókfellsútgáfan, Reykjavík, 1947, bls. 1-41).

⁷ Eiríkur Briem, „Jón Sigurðsson“, *Merkir Íslendingar I* (Bókfellsútgáfan, Reykjavík, 1947, bls. 1-41).

sömu augum og Danir og gerði lítið úr málflutningi Jóns. Arnljótur var tólf árum yngri en Jón og hafði lagt sig eftir hagfræði og samið *Auðfræði* sína undir áhrifum Jóns.

Reikningskrafa Jóns rímar vel við nútímann. Stjórnvöld á Haítí hafa hugleitt málaferli gegn Frökkum til að heimta bætur fyrir gamlar misgerðir, en sitt sýnist hverjum um lagalegar hliðar málsins svo sem nærri má geta. Hvernig sem því vikur við leið kurteislegur og málefnalegur stjórnmalastíll Jóns undir lok með honum sjálfum, og vettvangur stjórnmalanna breyttist smám saman í vilpu, sem ekki hefur enn tekizt að lyfta stjórnmalamenningunni upp úr. Um virðingu Alþingis sagði Jón 1845: „Það er skylda þingmanna, bæði við landið og þjóðina, við þingið og við sjálfa sig, að þola enga ósiðsemi á þeim stað, eða neitt, sem getur rýrt tign eða álit þingsins meðal alþýðu, og þetta ætla ég muni vera hægt, eins á Íslandi og annars staðar.“⁸

Vilhjálmur Þ. Gíslason síðar útvarpsstjóri skrifar 1944: „Jón Sigurðsson lifir alveg sérstöku lífi í meðvitund landsfólksins. Hann lifir þar eins og gömul þjóðsaga, eins og endurminning um sólarlag, sem við sáum fyrir mörgum árum. Þekkingin á Jóni Sigurðssyni hefur verið fremur lítil. Næstum engir hafa fram að þessu lesið rit hans.“ Vilhjálmur bætir við: „Ritgerðir hans eru mjög merkilegar. Þær eru vandaðar og fullar af fróðleik og af skarpri skynsemi, skrifaðar af skynsemi og fyrir skynsemi, en mjög sjaldan fyrir tilfinningarnar, og var það að vísu alveg í samræmi við alla stjórnála- og lífsskoðun Jóns Sigurðssonar.“ Merkustu ritgerðir Jóns fjölluðu um verzlunarfrelsi, svo sem fyrr var nefnt, og um framfarir í menntamálaum. Þær höfðu örvandi áhrif í dreifðu fásinni sveitanna. Upplag *Nýrra félagsrita*, sem Jón hélt úti 1841-1873 og birti þar ritgerðir sínar, var oft um 400 seld eintök, en fyrsti árgangurinn var prentaður í 1.000 eintökum. Félagsmönnum Bókmenntafélagsins, þar sem Jón var forseti Hafnardeildarinnar frá 1851 til dauðadags, fjölgaði úr tæpum 200 í tæp 800 í forsetatíð hans.

Ritsmíðar Jóns voru einn lykillinn að lýðhylli hans. Rómaðir mannkostir hans lögðust auk annars á sömu sveif. Lúðvík Kristjánsson rithöfundur hefur kortlagt fyrirgreiðslu Jóns í Kaupmannahöfn við mikinn fjölda fólks úr öllum sveitum landsins.⁹ Til eru sex þúsund sendibréf til Jóns frá 870 bréfritum. Mörg bréfanna eru frá bláókunnugu fólki, sem biður Jón að hjálpa sér við að kaupa plóg eða sjal eða brjóstnál eða eyrnalokka eða öngla eða koma úri í viðgerð eða ættingja á spítala og þannig áfram þindarlaust. Til þessara snúninga virðist Jón hafa varið ómældum tíma án þess að telja það eftir sér.

Vilhjálmur Þ. Gíslason segir um Jón: „Hann var safnari og grúskari á þjóðlegan fróðleik. ... Hefur það sennilega einmitt átt mikinn þátt í því, hversu vel hann var við alþýðuskap á ýmsa lund og átti ítök út um allar sveitir, þó að annars væri hann greinilegur fyrirmaður.“ Jón bar sig jafnan höfðinglega og þau hjónin bæði, hann klæddist klæðskerasaumum fötum og veitti vinum sínum vel, og þau voru höfðingjar heim að sækja. Honum þótti sopinn góður, en engum sögum fer af því, að hann hafi nokkru sinni drukkið vín sér til vansa. Hann gerði þvert á móti góðlátlegt grín að drykkjuskap Íslendinga: „Mér skilst, að delerium tremens sé nú farið að verða conditio sine qua non til þess að geta heitið skynsamur maður á voru landi.“¹⁰ Margir Íslendingar í Kaupmannahöfn voru tíðir gestir á heimili Jóns og Ingibjargar, en þau bjuggu þó alla tíð við óviss kjör. „Ég er vanur fátækt,“ skrifar Jón að gefnu tilefni 1874, kominn yfir sextugt. Hann hafði sjaldan fastar tekjur, heldur lifði hann á styrkjum til útgáfu og

⁸ Vilhjálmur Þ. Gíslason, *Jón Sigurðsson forseti í ræðu og riti. Á aldarafmæli þingmennsku hans* (Bókaútgáfan Norðri, Akureyri, 1944, bls. 323).

⁹ Lúðvík Kristjánsson, *Á slóðum Jóns Sigurðssonar* (Skuggsjá, 1961).

¹⁰ Vilhjálmur Þ. Gíslason, *Jón Sigurðsson forseti í ræðu og riti. Á aldarafmæli þingmennsku hans* (Bókaútgáfan Norðri, Akureyri, 1944, bls. 26).

lausatekjum fyrir skriftir. Til að mynda skrifaði hann nafnlausar greinar í norskt blað í allmörg ár til að drýgja tekjur heimilisins.

Svo skærum ljóma stafaði af Jóni og lífi hans í Kaupmannahöfn fjarri fásinninu á Íslandi, að sumir fundu einhverra hluta vegna hjá sér þörf fyrir að leita með logandi ljósi að einhverju, sem gæti varpað skugga á glæsta ásýnd þjóðhetjunnar. Sumum fannst Jón hljóta að hafa verið heldur leiðinlegur af bréfum hans að dæma, og víst er, að bréf hans eru yfirleitt engin skemmtilesning. Það vekur athygli við lestur þeirra, hversu lítið Jón gefur vinum sínum af sjálfum sér. Hann býr öll sín fullorðinsár í hjarta Kaupmannahafnar og nýtur þar margvíslegra lystisemda, sækir leikhús, listsýningar og óperusýningar í Konunglega leikhúsinu, að því er telja verður líklegt, en hann segir þó aldrei frá slíkum heimsóknum í bréfum sínum heim, þótt vinum hans á Íslandi hefði áreiðanlega þótt fengur í slíkum frásögnum. Jón heyrði sænsku óperusöngkonuna Jenny Lind, frægustu söngkonu sinnar tíðar (mynd hennar prýðir fimmtíu krónu seðilinn í Svíþjóð), syngja í Stokkhólmi 1841, en það vitum við vegna þess eins, að íslenzkur ferðafélagi Jóns skrifaði vinum sínum um atvikið. En þetta skiptir auðvitað engu máli fyrir stjórnmalasöguna. Jón var stjórnmalamaður og fræðimaður, ekki skemmtikraftur.

Í þessu ljósi þarf að skoða gamla flökkusögu um veikindi Jóns 1840, en skæðar tungur hvískruðu um, að Jón hefði þá ef til vill sýkt af sárasótt, þótt engar traustar heimildir séu til um það. Þessi saga gengur enn, nú síðast í ævisögu Jóns eftir Guðjón Friðriksson,¹¹ að vísu í viðtengingarhætti, studd tilvísun í bréf Jóns til vinar síns Gísla Hjálmarssonar læknanema. Hér er þó um að ræða einberar getgátur, sem eiga ekki heima í ævisögu nokkurs manns. Aðalatriði málsins er það, að í krufningarskýrslunni um Jón Sigurðsson er þess hvergi getið, að heili hans eða æðar hafi sýnt nokkur merki sárasóttar, svo sem Jónas Hallgrímsson prófessor og Ólafur Ólafsson fyrrum landlæknir hafa lýst skýrslunni, sem er til á Ríkisspítalanum í Kaupmannahöfn. Hefði Jón sýkt af sárasótt, hefðu slík merki fundizt, og þá hefði verið getið um þau í skýrslunni. Meðferðin, sem Jón lýsir í bréfi sínu til Gísla Hjálmarssonar, þar á meðal kvikasilfursmeðferð, getur átt við meðferð á sárasótt, rétt er það, en hún getur einnig átt við meðferð annarra miklu hversdagslegri sjúkdóma, svo sem bólgur og húðsýkingar af öðrum toga. Kvikasilfur var skrifað út við ýmsum kvillum. Meinlaus útbrot eru með líku lagi mun algengari en illskeyttir húð- og kynsjúkdómar. Því virðist miklu líklegra, að eitthvað slíkt hafi amað að Jóni, úr því að engin gögn eru til um annað. Við þetta bætist, að á þessum árum var ekki hægt að greina sárasótt af nákvæmni, enda var sýkillinn óþekktur. Einkennum sárasóttar var því stundum ruglað saman við sár og bólgur af öðrum ástæðum. Því er ekki hægt að fullyrða, að Jón hafi sýkt af sárasótt, alls ekki, og fullvíst er, að hann bar ekki nein síðkomin einkenni sjúkdómsins. Guðjón Friðriksson getur þess einnig, að engar heimildir séu til um, að Jón hafi verið lagður inn á sjúkrahús. Jón kvartar undan söguburði í bréfi sínu til Gísla og segir um stúdenta nýkomna frá Íslandi til Kaupmannahafnar: „Þeir koma með þær fréttir, að miklar sögur gangi af siðferði voru hér ytra og in specie [sérstaklega] sé ég ekkert dygðamunstur að liggja í fransósum svo árunum skipti etc. etc. Það gleður mig samt að þeir, sem mér þykir mest undir komið, trúá því ekki, stúlkan mín og biskupinn, og mega þá hinir plúðra [skvaldra, innskot ÞG] eins og þeir vilja, hvort ég get nokkurn tíma sannfært þá um lygina eða ekki.“¹² Orðin „og in specie sé ég ekkert dygðamunstur að liggja í fransósum svo árunum skipti etc. etc.“ virðist eðlilegt að skoða sem hluta af lýsingu Jóns á lyginni í málsgreininni næst á eftir.

¹¹ Guðjón Friðriksson, *Jón Sigurðsson Ævisaga I* (Mál og menning, 2002, 12. kafli).

¹² Guðjón Friðriksson, *Jón Sigurðsson Ævisaga I* (Mál og menning, 2002, bls. 187).

II. Meðferðin á Jóni Sigurðssyni

„Það var hörmulegt að vita hvernig farið var með Jón Sigurðsson,“ segir Tryggvi Gunnarsson bankastjóri í sjálfsævisögu sinni.¹³ „Honum var hælt á hvert reypi [svo], en ekkert gert til þess að láta honum líða vel, eða sjá fyrir að hann gæti lifað áhyggjulitlu lífi.“ Tryggvi lét sér annt um minningu Jóns og hélt henni á loft umfram flesta aðra menn. Hann beitti sér fyrir því, að landið keypti bækur og handrit Jóns og ýmsa innanhússmuni að Jóni látnum. Gripunum – þar á meðal var húsbúnaður úr skrifstofu Jóns, borð, legubekkur, skrifborð með öllum ritfærum, ýmsar myndir og rúm hans að auki – var fyrst komið fyrir í forngripasafninu á Alþingishúsoftinu, og þar lágu þeir umhirðulitlir fram til 1916, þegar þeim var loksins komið fyrir til sýnis. Gripirnir voru síðan hafðir í sérstakri stofu á Þjóðminjasafninu frá stofnun þess 1952, en þeirri stofu var lokað fyrir mörgum árum og munum Jóns og Ingibjargar komið fyrir í geymslu. Engin merki sjást þess enn, að þeim sé ætlaður staður í Þjóðminjasafninu nýendurreistu.

Klemens Jónsson landritari segir um Tryggva Gunnarsson: „Engan mann elskaði Tryggvi meira en Jón og engan virti hann eins. Hann gerði meira en nokkur annar Íslendingur til þess, að halda uppi minningu Jóns. Hann átti mestan þátt í því, að landið keypti bækur og handrit Jóns. Hann keypti innanhússmuni Jóns og gaf þá landinu. Hann sá um útför þeirra hjóna í Khöfn, og hafði forsögn á hendi fyrir flutningi þeirra hingað upp, og var loks formaður í samskotanefnd til minnisvarða þeirra og síðar til að koma upp líkneski Jóns.“¹⁴

Í bók sinni *Hundrað ár í Þjóðminjasafni* segir Kristján Eldjárn þjóðminjavörður: „Þjóðminjasafnið á nokkur smærri sérsöfn, sem helguð eru minningu tiltekinnna manna. Ber þar fyrst að nefna *safn Jóns Sigurðssonar forseta og Ingibjargar konu hans*. ... Stofninn í þessu safni eru munir þeir, sem Tryggvi Gunnarsson bankastjóri keypti á uppboði í Kaupmannahöfn, er boðin voru upp húsgögn þeirra hjóna og aðrir munir úr eigu þeirra, og gaf landinu með bréfi 12. júlí 1881. Munir þessir voru síðan varðveittir í Alþingishúsinu og hafðir þar til sýnis í sérstöku herbergi, en í Þjóðminjasafnið voru þeir fluttir 11. júlí 1952, og þar var þeim komið fyrir í sérstakri stofu, svo sem sjálfsagt er.“¹⁵

Minnisgrein, sem Halldór H. Jónsson, starfsmaður Þjóðminjasafns, tók saman 1979 vegna sýningar í tilefni af hundrað ára ártíð Jóns Sigurðssonar, hnykkir á frásögn Kristjáns Eldjárns:

„Upphaf Minjasafns Jóns Sigurðssonar er það að eftir lát þeirra hjóna, Jóns og Ingibjargar, keypti Tryggvi Gunnarsson á uppboði í Kaupmannahöfn allmarga muni, sem þau létu eftir sig og gaf þá landinu með eftirfarandi bréfi til forseta sameinaðs Alþingis:

Með brjefi þessu sendi jeg yður, herra forseti ins sameinaða þings skrá yfir muni þá er Jón Sigurðsson og kona hans ljetu eptir sig, og sem jeg ætlast til að landið eignist. Munirnir eru settir í herbergi það í alþingishúsinu, sem ákveðið var að þeir skyldu geymast í og bið jeg yður að hlutast til um að þeirra verði gætt framvegis.

Virðingarfyllst

Reykjavík 12 júlí 1881

Tryggvi Gunnarsson

Bréfi þessu fylgdi prentuð skrá um munina.

Í bréfi Matthíasar Þórðarsonar þjóðminjavarðar til samskotanefndar minnisvarða Jóns Sigurðssonar, dags. 19. sept. 1915 kemur fram, að áður nefndir munir sem Tryggvi gaf landinu og fól Alþingi til varðveislu hafa þá lengst af síðan 1881, legið umhirðulitlir á

¹³ Tryggvi Gunnarsson, *Endurminningar* (sérprent úr *Tímanum*, 1918).

¹⁴ Klemens Jónsson, *Tryggvi Gunnarsson, Merkir Íslendingar III*, bls. 415.

¹⁵ Kristján Eldjárn, *Hundrað ár í Þjóðminjasafni* (Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík, 2. útgáfa, 1963, bls. xxii).

Alþingishúsoftinu. Munirnir höfðu þá aldrei verið til sýnis fyrir almenning nema þegar Þjóðminjavörður fékk þá að láni á aldarafmæli Jóns 1911 og hélt á þeim sýningu í safnahúsinu í húsnæði sem Þjóðskjalasafnið léði í því skyni. Að sýningunni lokinni færðist Alþingi undan að taka við safninu aftur og skjalasafnið gat ekki séð af sýningarherberginu til frambúðar svo að hola varð safninu niður í yfirfullum geymslum Forngripasafnsins. Á sýningunni 1911 fékk Þjóðminjavörður að láni ýmsa muni úr búi Jóns Sigurðssonar, sem þá voru í eigu ættingja Jóns og annarra einstaklinga. Sumir þessara muna voru gefnir minjasafninu að sýningu lokinni eða síðar.

Árið 1916 var safni Jóns Sigurðssonar komið fyrir í sérstöku sýningarherbergi í Alþingishúsinu og var til þess notaður afgangurinn af samskotafé til minnisvarðans, sem gerður var 1911. Í Alþingishúsinu var safnið svo til 1952 er það var flutt í hús Þjóðminjasafnsins við Suðurgötu þar sem það hefur mestallt verið haft stöðugt til sýningar í einu herbergi, stofu Jóns Sigurðssonar. Eftir að minjasafnið var flutt í Þjóðminjasafnið og falið umsjá þess hafa því enn áskotnast nokkrir munir að gjöf.

Í tilefni af 100 ára ártíð Jóns Sigurðssonar og Ingibjargar konu hans hefur minjasafnið fengið enn eitt herbergi til umráða í safninu svo að hafa megi til sýnis nokkru fleiri af gripum safnsins en verið hefur og öðrum komið betur fyrir en var. Er hér einkum um að ræða ýmsa smáhluti úr eigu þeirra hjóna, svo sem úr og skartgripi, kjólföt og pípuhatt Jóns og hluti af skautbúningi Ingibjargar, sem safnið hefur nú alveg nýverið eignast, bréf og ýmis skrifuð gögn, svo sem prentsmiðjuhandrit að Nýjum félagsritum, fæðingarvottorð og annað smálegt af því tagi. Þá eru myndir af þeim hjónum á ýmsum aldri, ýmis gögn og myndir frá útför þeirra og samskotalistar o. fl. frá gerð minnisvarða Jóns.

Sýning þessi verður opin á venjulegum sýningartíma safnsins.”

Tryggvi Gunnarsson lýsir tilraunum sínum til að afla stuðnings við Jón Sigurðsson svo:

“Sagði að mín skoðun væri, að við Íslendingar ættum að sjá Jóni Sigurðssyni fyrir eins miklum launum og hann mundi hafa fengið, ef hann hefði orðið rektor.

Margir tóku mjög vel í málið og lofuðu þá ákvörðun, að Jón Sigurðsson þyrfti ekki að leggja pennann frá sér og lofuðu að leggja fram fé til þessa. ...

Samskotin til Jóns Sigurðssonar gengu ágætlega þetta ár og nokkuð kom næsta ár, en svo leit út fyrir að algerlega ætlaði að taka fyrir þau, eins og oftast vill ganga hjá okkur Íslendingum. ... Eg ... fékk því áorkað hjá meiri hluta þingmanna, að við skyldum búa til heiðurslaun handa Jóni. ... Eg sá að Grími [Thomsen] hnykti við þessa atkvæðagreiðslu, hann hvítnaði í andliti og hristi höfuðið. ... Svo fór að frumvarpið var samþykkt og varð að lögum. Jón fékk sín 3200 kr. árlegu heiðurslaun. ...

Mér hefir oft sárnað hvernig Íslendingum fórst við Jón Sigurðsson. Ný félagsrit seldust svo lítið að þau báru sig ekki og voru lögð niður. ... Eigi var nú áhugi landsmanna að kynna sér stjórnréttindamál meiri en þetta. ...

Þegar eg kom á þing 1877, hafði eg tekið þann fasta ásetning, að bjarga landinu frá þeirri skömm að Jón Sigurðsson dæi gjaldþrota og því tjóni að bækur hans og handrit lentu hjá útlendingum, með því að láta landið kaupa bækurnar. ... Fórst svo ..., að á fjárlögum voru veittar 25.000 kr. til þess að kaupa fyrir bækur og handrit Jóns Sigurðssonar. ...

Eg tel mig aldrei hafa verið jafn heppinn, eins og þegar eg gat komið því í kring, að bækur Jóns Sigurðssonar og handrit voru keypt handa landinu, að hann dó skuldlaus og að sjóðurinn [sjóður Jóns Sigurðssonar] var stofnaður.”¹⁶

Tryggvi Gunnarsson segir í bréfi til Hilmars Finsen landshöfðingja 15. janúar 1880: “... kona hans [Ingibjörg] testamenteraði Íslandi 2/3 eigna sinna og að nokkru leyti sömu upphæð af

¹⁶ Tryggvi Gunnarsson, *Endurminningar* (sérprentun úr *Tímanum*, Reykjavík, 1918, bls. 118-130).

eignum hans, áður en hún dó, er hún lét heita „gjöf Jóns Sigurðssonar“ og ákvað um leið að alþingi skyldi segja fyrir til hvers fénu skyldi verja.”¹⁷ Alþingi ákvað síðan, að landshöfðingi geymdi gjafaféð og skyldi varðveita höfuðstólinn, sem var talinn mundu nema um 6.000 til 8.000 krónum, en vöxtunum skyldi „varið til verðlauna fyrir vel samin, vísindaleg rit viðvirkjandi sögu landsins og bókmenntum, lögum þess, stjórn þess og framförum”.¹⁸ Þingmenn þrefuðu mjög um orðalag reglnanna, áður en þeir gengu frá því. Styrkveiting úr sjóðnum nam 300 kr. fyrsta árið, 1881, en til viðmiðunar var 600 kr. varið til söngkennarans í Lærða skólanum árið eftir, 700 kr. til fimleikakennarans og 900 kr. handa dyraverði.¹⁹

Tveir bróðursynir Jóns, Björn og Jón Jenssynir, voru við nám í Kaupmannahöfn, þegar Jón Sigurðsson andaðist. Björn sat hjá Jóni, þegar Jón gaf up öndina. Tryggvi þurfti að beita nokkrum fortölum til að koma í veg fyrir, að hluti dánarbús Jóns og Ingibjargar væri notaður til að styrkja þá til náms. Rök Tryggva voru þau, að yfir slíka styrkveitingu myndi fynast með tímanum; hitt væri líklegra til að halda minningu Jóns á loft að stofna minningarsjóð, svo sem gert var. Auk þess minnti Tryggvi erfingjana á það, að „ef ég hefði ekki verið á þingi 1877 og í Englandi næsta haust á eftir, þá hefðu erfingjar ekki fengið einn eyri og búið [orðið] þrotabú.”²⁰

III. Brjóstmyndin eftir Brynjólf Bergslien

Aðrir vinir Jóns sýndu honum einnig ýmsan sóma í lifanda lífi. Þegar Jón varð sextugur, var hann á Íslandi við þinghald, og fer engum sögum af afmælisdegi hans 17. júní 1871. En eftir að hann kom aftur heim til Kaupmannahafnar þá um haustið, héldu vinir hans honum veglegt samsæti þar. Þetta var 16. nóvember 1871. Þar voru flutt kvæði fyrir minni Íslands eftir séra Matthías Jochumsson og fyrir minni Jóns eftir Steingrím Thorsteinsson, sem var á staðnum og flutti kvæði sitt sjálfur („Heil sit þú, hetjan góð”). Þessir karlar kunnu að halda veizlur.

Vinir Jóns höfðu löngu áður haft samband við Brynjólf Bergslien, sem áður var nefndur, og beðið hann að gera brjóstmynd af Jóni til að færa honum í afmælisveizlunni, og var hugmyndin sú, að marmaragerð myndarinnar (dagsett 1872) yrði færð Alþingi að gjöf að Jóni látnum; það varð. Jón hafði fengizt til að sitja fyrir hjá Bergslien í október 1870, og hann hafði oft áður látið til leiðast að láta taka af sér myndir til að senda vinum sínum á Íslandi að þeirra ósk. Þannig stendur á því, að til eru ljósmyndir af Jóni á ýmsum tímum auk nokkurra olíumálverka. Eina slíka mynd lét hann mála af sér og sendi Ingibjörgu unnustu sinni heim til Íslands löngu fyrir þritugt. Alþingismenn létu síðar mála af honum stóra olíumynd, sem hangir enn í Alþingishúsinu, en ungir námsmenn í Kaupmannahöfn létu steinprenta mynd af honum, og hékk sú mynd því nær í öllum fremri heimilum á Íslandi.²¹

Bergslien bjó í Kaupmannahöfn, þegar þetta var, og vann að líkneskinu af Karli Jóhanni konungi Noregs og Svíþjóðar, en það var fyrsta verk sinnar tegundar í Noregi, afhjúpað 1875 framan við konungshöllina í Osló og stendur þar enn. Það var því enginn aukvisi, sem vinir Jóns fengu til að gera brjóstmyndina. Bergslien gerði einnig líkneskið af skáldinu Henrik Wergeland, sem stendur á Eidsvoldstorgi í Osló (brons, afhjúpað 1881). Líkneski hans af

¹⁷ Bergsteinn Jónsson, *Tryggvi Gunnarsson*, III. bindi, Stjórnmalamaður (Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík, 1972, bls. 287).

¹⁸ Reglur um „Gjöf Jóns Sigurðssonar“, 2. gr., *Alþingistíðindi* 1881:1, bls. 472, og 1881:2, bls. 1106.

¹⁹ *Alþingistíðindi* 1881:1, bls. 6-7.

²⁰ Bergsteinn Jónsson, *Tryggvi Gunnarsson*, III. bindi, Stjórnmalamaður (Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík, 1972, bls. 290).

²¹ Jón Ólafsson, andlátsfrétt í *Skuld, Öldin okkar* 1880 (Íðunn, 1956, bls. 165).

ævintýraskáldinu P. Chr. Asbjörnsen (sink) og leikaranum Johannes Bruun (brons) standa einnig bæði í Osló. Hann gerði einnig líkneski af Haraldi hárfagra, Ólafi helga, Sverri konungi og Hákonni góða. Nokkrar brjóstmyndir liggja einnig eftir hann, þar á meðal er marmaramynd af stjórnámamanninum Ole Gabriel Ueland, sem stendur í norska stórþinginu. Verk Bergsliens eru til sýnis meðal annars í Nasjónalgalleriet í Osló.

Séra Matthías bjó hjá Bergslien part úr vetri 1870-1871 og fylgdist með brjóstmyndinni af Jóni verða til. Um þetta segir Matthías í sjálfsævisögu sinni:²²

„Tók ég mér síðan vist hjá vini mínum, *Brynjólfi Bergslien* myndasmið; hafði ég næstum daglega verið hjá honum á vinnustofu hans um veturinn í Höfn meðan hann gerði standmyndina miklu, af Karli Johan konungi, er nú var komin til Kristjaníu; hafði hann mjög aukið þekkingu mína á listaverkum og eins og opinberað mér nýjan fegurðar- og töfraheim.

Bergslien var lítt lærður maður og hafði lítillar menntunar notið, en hann var (eins og bróðir hans, málarrinn) fæddur listamaður. Myndina (fyrst úr leiri, en síðan úr gipsi, undir steypuna) gerði hann á listahöll Dana, Karlottuborg; skoðaði ég þar daglega listasmíði helztu snillinga Dana, en stundum Thorvaldsens eða önnur gripasöfn. Af myndasmíðum danskra meistara dáðist ég mest að listaverkasafni Jerichaus, að Thorvaldsens-myndum fráteknum. Bergslien lauk og þá við höfuð Jóns Sigurðssonar (í marmara) og lét aðstoðarmann sinn meitla allt eftir merkilinum, en setti svo sjálfur á smiðshöggin. Einu sinni, er yfirsvipur Jóns var langt kominn hjá þeim, sem meitlaði, stóð ég og horfði á og þóttist ekki sjá hinn rétta svip hins ágæta landa vors. Kærði ég það fyrir Bergslien. „Komdu á morgun eða hinn daginn“, svaraði meistarinn. Ég kom, og þá var *sálin* komin! Finnst mér og síðan, að hið djúpúðga og stórmannlega höfuð Jóns forseta eftir Bergslien vera furðusmíði, sem flestum verður minnisstætt, þótt lítið skynji listaverk.

Bergslien var aldavinur Íslendinga í Höfn, og hygg ég að honum hafi verið það að þakka, að námsmenn vorir í Höfn fóru að vakna til meiri og meiri meðvitundar um þýðing lista og fegurðarsmekks, þótt jafnframt beindi að þeirri stefnu starfsemi Sigurðar málara.”

Brjóstmyndina af sjálfum sér hafði Jón trúlega með sér heim úr veizlunni 16. nóvember 1871, og eru til lýsingar sjónarvotta á myndinni, þar sem hún stóð heima hjá Jóni og Ingibjörgu. Indriði Einarsson hagfræðingur og leikskáld, síðar tengdafaðir Ólafs Thors forsætisráðherra, var tíður gestur á heimili Jóns og Ingibjargar og segir svo frá: „Þar var skrifborð Forseta eða skrifpúlt. En við það sá ég hann aldrei vinna. Á því var gibsafsteypa af höggmynd Bergsliens af Jóni. Hversdagslega var slæða yfir myndinni til þess að eigi félli á hana ryk. En á sunnudögum og við hátíðleg tækifæri, þegar margir voru til borðs, varð að bera skrifpúltið og myndina út úr stofunni, svo að hún rúmaði gestaborðið, og olnbogaráúm væri þar til framreiðslu.”²³

Páll Eggert Ólason segir frá því í ævisögu sinni um Jón Sigurðsson, að Bergslien hafi sett brjóstmyndina af Jóni á sýningu í Kaupmannahöfn, ásamt myndadrögum að fyrr nefndu líkneski Uelands, og sé líkneskjanna beggja getið í blöðum samtímis með þeim ummælum, að þau sýni tímamót í list og þroska smiðsins og beri af öðrum mannamyndum á sýningunni. Páll Eggert bætir við: „Má þar af marka, að snilldarbragur hefir þókt á vera.”²⁴ Um brjóstmynd Bergsliens segir Vilhjálmur Þ. Gíslason, að hún sé „af sumum talin líkust J. S. af öllum

²² Matthías Jochumsson, *Sögukaflar af sjálfum mér* (Þorsteinn Gíslason gaf út, 1922; 2. útg., Ísafold, 1959, bls. 204-205).

²³ Valtýr Stefánsson, *Á jólum hjá Jóni Sigurðssyni. Frásögn Indriða Einarssonar, í þau gerðu garðinn frægan* (Bókfellsútgáfan, Reykjavík, 1956, bls. 12).

²⁴ Páll Eggert Ólason, *Jón Sigurðsson* (Hið íslenska þjóðvinafélag, 1929, 5. bindi, bls. 137-139).

myndum.”²⁵

Marmaramynd Bergsliens var sett upp í Alþingishúsinu 1880, ári eftir andlát Jóns, og hefur staðið þar síðan. Hún er eign Listasafns Íslands, nr. 3 eða 4 í safnskrá. Á henni er þessi áritun: “F. BRYNJULF BERGLIEN 1872”. Marmarinn er hvítur, næstum eins og nýfallin mjöll. Styttan virðist yfirleitt ekki hafa vakið sérstaka athygli nema fyrir það, að henni var snúið til veggjar í grjótkastinu á Alþingishúsið 1949. *Morgunblaðið* taldi kommúnista hafa snúið styttni við með kámugum höndum, enda nudduðu þeir sér því fastar utan í Jón Sigurðsson sem ódæðisverkin, sem þeir verðu og ynnu, væru voðalegri. *Þjóðviljinn* taldi Jón hins vegar hafa snúið sér til veggjar til að þurfa ekki að verða vitni að samþykkt Alþingis á inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið. Gunnlaugur Þórðarson dr. jur., fyrrum forsetaritari, skýrði frá því næstum 30 árum síðar, að hann hefði snúið styttni við til að hlífa henni við grjótkastinu.²⁶

Frummyndina, það er eintak listamannsins eftir því sem næst verður komizt, keypti höfundur þessar greinar í maí 1995 af listmunasalanum Erwin Anton Svendsen, Bredgade 4, Kaupmannahöfn. Myndina hafði Svendsen að eigin sögn keypt úr dánarbúi í Danmörku, og hafði hún síðan staðið heima hjá honum í tvö ár eða þar um bil, en þó verið höfð til sýnis við og við í búð hans í Store Strandstræde. Aftan á styttni er þessi áritun: “11. novbr. 1871. B. Bergslien”. Fimm dögum síðar var Jóni Sigurðssyni haldin veizlan, þar sem honum var afhent gifsmynd Bergsliens. Helgi Gíslason myndhöggvari þekkir styttna og telur einnig, eins og Svendsen, að hún sé trúlega frummyndin eða standi mjög nálægt frummyndinni. Heldur óveglegur bráðabirgðastallur undir henni gæti bent til þess, að þessu eintaki hafi Bergslien haldið eftir handa sjálfum sér og skilið eftir í Kaupmannahöfn, þegar hann fór aftur heim til Noregs. Stallarnir undir öllum hinum myndunum, sem frá er sagt að neðan, eru viðhafnarmeiri. Storknað fljótandi gips í hvirfli sýnir, að myndin er afsteypa af leirmynd.

Hvernig eru margar gifsmyndir gerðar eftir einni frummynd? Fyrst mótar myndhöggvarinn mynd í leir. Síðan er tekið gifsnot af leirnum, og eyðileggst leirmyndin yfirleitt, þegar mótið er skilið frá henni, enda er leirinn viðkvæmt efni og endist illa. Síðan er blautt eða fljótandi gifs sett í mótið og storknar, og þannig verður fyrsta gifsmyndin til, frummyndin. Yfirleitt þarf að brjóta mótið utan af myndinni. Síðan er hún notuð til að smíða nýtt mót og steypa nýja mynd, sem verður því jafnan sljórrí en frummyndin. Þannig er hægt að gera margar myndir. Þá þarf að handfjalla hverja gifsmynd, til dæmis til að jafna för eftir samskeyti í móti og aðrar misfellur, og verða því engar tvær afsteypur alveg eins. Myndir, sem mót eru steyppt eftir, geta einnig sljógvast eða spillzt við það. Þessi leikmannslýsing gæti átt við um gifsmyndirnar, sem sagt verður frá hér á eftir, og skýrt þann mun, sem á þeim er.

Vitað er um nokkrar gifsafsteypur, sem voru gerðar eftir brjóstmynd Bergsliens í Kaupmannahöfn. Verður hér sagt frá þeim, sem vitað er um í opinberri eða hálfopinberri eigu. Ein afsteypa fylgdi Hafnardeild Bókmenntafélagsins, og er til ljósmynd af Valtý Guðmundssyni og þeirri styttni á skrifstofu hans frá þeim tíma, þegar hann stýrði Hafnardeildinni. Þessi afsteypa hafði áður verið í fórum Konráðs Gíslasonar málfræðings, eins Fjölsmanna, og síðan Finns Jónssonar prófessors. Eftir afsteypu í eigu Jóns Jenssonar, bróðursonar Jóns, var gerð bronsafsteypa, sem 25 ára stúdentar og sambekkingar þeirra gáfu Menntaskólanum í Reykjavík 1931, og stendur hún enn í norðvesturhorni á Sal Menntaskólans. Þjóðminjasafnið á hvíta gifsmynd, hina einu ásamt frummyndinni, sem er ólituð. Þó hefur hún verið hvítt, síðast vegna sýningar á lýðveldisafmælinu 1994, en þá var borið á hana kaffi, mjólk og gifs að sögn starfsmanns Þjóðminjasafns. Styttan brotnaði í

²⁵ Vilhjálmur Þ. Gíslason, *Jón Sigurðsson forseti í ræðu og riti. Á aldarafmæli þingmennsku hans* (Bókaútgáfan Norðri, Akureyri, 1944, bls. 339).

²⁶ Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, *30. marz 1949* (Örn og Örlygur, Reykjavík, 1976).

jarðskjálfta 1929 og var ekki alveg rétt sett saman. Styttan var í eigu Sigríðar Helgason, sem var ráðskona á Friðriksspítalanum í Kaupmannahöfn um áratugaskeið og veitti íslenskum stúdentum þar athvarf að heimili sínu, þar á meðal Hannesi Hafstein. Sigríður lánaði safninu styttuna til sýningar 1911. Sú staðreynd, að Þjóðminjasafnið þurfti að fá lánaða brjóstmynd af Jóni til sýningarinnar 1911, sýnir, að myndin, sem stóð á skrifborði Jóns, fylgdi ekki öðrum munum úr dánarbúi hans á uppboði í Kaupmannahöfn og þaðan heim til Íslands í gegn um Tryggva Gunnarsson. Að Sigríði látinni gáfu erfingjar safninu styttuna samkvæmt bókun safnsins. Þó er hvorki að finna gjafarbréf né þakkarbréf í skjölum safnsins. Erfingjar Sigríðar voru systur tvær, sem þá voru börn, Elín og María Finsen, en Sigríður eyddi síðustu æviárunum að æskuheimili þeirra. Þær systur höfðu aldrei heyrt það fyrr en sumarið 1995, að Sigríður hefði átt þessa stytta eða arfleitt þær að henni. Þjóðarbókhlaðan, áður Landsbókasafn, á brons- eða brúnhúðaða gifsmynd með sömu áritun og frummyndin, nema nafn Bergsliens er greinilegra, og gæti það bent til þess, að myndin sé yngri en frummyndin. Styttan var komin í safnið 1930, þegar Haraldur Sigurðsson bókavörður kom þangað fyrst. Í Minningarriti vegna 100 ára afmælis safnsins 1918 nefnir höfundurinn, Jón Jacobson landsbókavörður, hvorki styttuna né hvernig hún kom í safnið. Hann greinir á hinn bóginn vandlega frá komu brjóstmyndarinnar af Konrad Maurer, virktavini Jóns, en þá mynd sendi dóttir Maurers til Íslands frá Þýzkalandi að foreldrum hennar báðum látnum og bað um, að henni yrði fundinn heiðursstaður í Landsbókasafninu eða Háskólanum. Í Háskólanum stendur stækkuð brjóstmynd Bergsliens af Jóni Sigurðssyni yfir innganginum í gamla bókasafnið á jarðhæð í anddyri aðalbyggingarinnar. Styttan er gyllt og ekki alls kostar lík fyrirmyndinni. Um stytta Háskólans virðast engar heimildir vera til, en vitað er, að Ásmundur Sveinsson myndhöggvari og Guðmundur Einarsson frá Miðdal aðstoðuðu Guðjón Samúelsson húsameistara ríkisins við gerð háskólabyggingarinnar, sem var vígð 1940. Við vígsluna var nafn Jóns Sigurðssonar mjög á vörum ræðumanna, en enginn þeirra nefndi styttuna. Tvær afsteypur eru til í Noregi, önnur í eigu Vestmannaalagsins, en formaður þess, sem geymdi styttuna til skamms tíma, telur, að Vestmannaalagið hafi eignast styttuna fyrir 1930, hugsanlega í tengslum við Íslandsför Vestmannaalagsins 1928. Ráðhúsið í Voss á einnig stytta, trúlega sömu ættar og stytta Vestmannaalagsins. Mynd af styttunni var birt í dagblaði í Bergen fyrir mörgum árum og spurt, hvort einhver þekkti fyrirmyndina. Því var fljótsvarað. Tildrögin munu hafa verið þau, að nýr bæjarstjóri í Voss vildi vita, af hverjum stytta ráðhússins væri. Loks er til á Bessatöðum gifsmynd með gylltri húð og sömu áritun og frummyndin. Myndin var gefin Bessastöðum í forsetatíð Ásgeirs Ásgeirssonar til minningar um hjónin Þórdísi Ásgeirsdóttur og Bjarna Benediktsson á Húsavík. Þá mun að endingu vera hvít gifsmynd, án áletrunar, í Jónshúsi í Kaupmannahöfn, og mun hún hafa verið keypt á uppboði í Gallerí Borg og sett upp í Jónshúsi 1994. Eru þá upp taldar þær stytur, sem höfundi er kunnugt um á almannafæri, en fáeinar aðrar afsteypur eru til í einkaeigu.

Tryggvi Gunnarsson hafði eftir andlát Jóns samband við Brynjólf Bergslien og falaðist eftir líkneski af Jóni Sigurðssyni í fullri líkamsstærð. Fjár skyldi aflað með samskotum. Fengjust 10.000 til 15.000 krónur, hefði Tryggvi helzt kosið stytta, sem standa mætti á torgi í Reykjavík. Hins vegar átti Tryggvi naumast von á meira en 3.500 til 4.000 krónum, og yrði þá að láta snotran minnisvarða á gröfina nægja. Bergslien var þá orðinn vel þekktur listamaður um Norðurlönd af líkneskinu af Karli Jóhanni konungi í Osló og var Íslendingum kunnur af brjóstmyndinni af Jóni í Alþingishúsinu. Bergslien féllst á þetta, kvaðst sammála Tryggva um, að helzt ætti að reisa stytta af Jóni á torgi, en ekki skjöld á gröf hans, og sendi Tryggva teikningar. Þeim samdist um verð, 2.500 kr. fyrir gifsmyndina, en minnisvarðinn (bronsafsteypa á lágum stöpli) myndi kosta um 7.000 krónur. Tryggvi getur þess í bréfi, að

„engin reglulega góð ljósmynd sé til af Jóni, og yrði ef til vill ráðlegast að fá senda utan brjóstmynd Bergsliens af honum.”²⁷ Var stofnuð nefnd, þar sem Tryggvi átti sæti ásamt öðrum. Nefndin ákvað, gegn vilja Tryggva, að reisa ekki stytta af Jóni á torgi, heldur láta legstein duga fyrst um sinn. Hið eina, sem frá Bergslien kom, var því lítill skjöldur á legstein Jóns í kirkjugarðinum í Reykjavík og kostaði 778 krónur. Maður nokkur tók afsteypu af skildinum á stríðsárunum í leyfisleysi og seldi síðan í stórum stíl.

Það var svo ekki fyrr en 1910, að Einar Jónsson var fenginn til að gera líkneski af Jóni Sigurðssyni eins og áður sagði. Hann kom til Íslands og vann verkið í vesturenda alþingishússins og hafði brjóstmynd Bergsliens fyrir sér og trúlega einnig olíumálverkið í neðri deild. Líkneski Einars, ásamt myndinni af „Brautryðjandanum” á stöplinum, var síðan afhjúpað fyrir framan stjórnarráðið á aldarafmæli Jóns 1911 svo sem fyrr var sagt.

²⁷ Bergsteinn Jónsson, *Tryggvi Gunnarsson*, III. bindi, Stjórnámálamaður (Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík, 1972, bls. 293). Af þessari frásögn virðist mega ráða, að Tryggva Gunnarssyni og öðrum aðstandendum líkneskisins hafi ekki verið kunnugt um, að eintak af brjóstmynd Bergsliens væri til í Kaupmannahöfn.



Jón Sigurðsson (1811-1879)

Brjóstmynd eftir Brynjulf Bergslien (1871)